

Tillaga

Viðtakandi: Bæjarráð Mosfellsbæjar

Efni: Samkomulag um tímabundin afnot lands vegna lagningar gangstétta við Reykjaveg

Dags: 13. febrúar 2023

Málsnúmer: 202302188

Sendandi: Þóra M. Hjaltsted, Lögmaður Mosfellsbæjar

Tillaga:

Lagt er til að bæjarráð samþykki fyrirbyggjandi samkomulag um endurgjaldslaus afnot lands vegna lagningar gangstétta við Reykjaveg.

Greinargerð:

Fyrirhuguð er lagning gangstéttar meðfram Reykjavegi frá Bjargsvégi að Reykjum sem tengd verði við gönguleiðir við Reykjahvol. Er sú framkvæmd hluti af umferðaröryggisframkvæmdum við Reykjaveg og byggist á deiliskipulagi frá árinu 2016.

Reykjabúið er eigandi þess lands sem fer undir gangstéttina. Fyrir liggja drög að samkomulagi við Reykjabúið þar sem Mosfellsbær fær tímabundin endurgjaldslaus afnota af framangreindu landi sem eru í eigu Reykjabúsins fyrir gangstétt í allt að 10 ár frá undirritun samkomulagsins.

Er í samkomulaginu gert ráð fyrir að þeim tíma loknum verði endursamið um afnotin eða landið keypt. Að öðrum kosti verði gert ráð fyrir gangstétt utan lóðamarka Reykjabúsins og framangreindu landi komið í upprunalegt horf.

Þá er gert ráð fyrir að verði landið hinum megin Reykjavegar, gegn umræddum lóðum, skipulagt verði gangstétt í landi Reykjabúsins fjarlægð innan 6 mánaða frá því framkvæmdir hefjast við vegalagningu í hinu nýja hverfi.

Lagt er til að bæjarráð samþykki fyrirbyggjandi samkomulag um endurgjaldslaus afnot Mosfellsbæjar af landi Reykjabúsins vegna lagningar gangstétta við Reykjaveg.

Virðingarfyllt,
Þóra M. Hjaltsted
lögmaður

Fylgiskjal:

- Drög að samkomulagi.
- Uppdrættir sem sýna fyrirhugaða legu gangstétta.